

5.

kennslu-
stund

KYNNING NIÐURSTAÐNA FRAMMI FYRIR MARKHÓPUM

Nemendur eiga að:

- 1) gera klárt fyrir framkvæmd aðgerða þar sem niðurstöður vinnunnar verða lagðar fram.
- 2) koma sér saman um form á framsetningunni.
- 3) framkvæma aðgerðir í þeirri röð sem heppilegust er til að áhrifin verði sem mest.

Kennari þarf:

- 1) að vera nemendum innanhandar við skipulagningu og framkvæmd aðgerða.
- 2) ræða við nemendur um fyrirkomulag mats á árangri vinnunnar (sjá glæru 4, um nokkra þætti í sjálfsmati).

1. KYNNING FYRIRHUGAÐRA AÐGERÐA

Verja á 5. kennslustund til þess að kynna aðgerðahópana og starf þeirra. Til þess að hóparnir og aðgerðir þeirra fái sem allra mesta athygli skulu þær helst fara fram innan einnar og sömu viku.

Tillaga:

Vel má hugsa sér að nemendur útbúi kynningarefni í „smáskömmtum“ til að nota tvo fyrstu daga vikunnar en aðalviðburðurinn verði haldinn síðar, t.d. eftir hádegi á föstudeginum. Kannski vilja einhverjir aðilar á staðnum – utan skólans – nota þetta tækifæri til að blanda sér í baráttuna gegn reykingum.

Þótt markhópurinn sé fyrst og fremst yngri nemendur, nema annað sé ákveðið, vekur svona viðburður athygli og áhuga út fyrir veggj skólans.

Markaðsfræðingar og auglýsingahönnuðir geta til dæmis dreift auglýsingum um það sem til stendur í skólanum; blaðamenn geta dreift ókeypis dagblöðum; uppeldisstarfsmenn segja frá því á kennarastofunni að þeir muni heimsækja aðra bekki; heilbrigðisstarfsmenn efna til forvarnafundar á sal; listamennirnir/leikararnir setja saman leiksýningu fyrir skólann o.s.frv.

2. HEIMAVINNAN UNDIRBÚIN

Ræddu einstaka þætti sjálfsmats við bekkinn, e.t.v. með hliðsjón af glæru 4. Nemandurnir mega framkvæma sjálfsmatið heima og skila því til kennara með góðum fyrirvara fyrir næstu kennslustund.

ATH. FYRIR NÆSTU KENNSLUSTUND Á HVER HÓPUR AÐ VERA BÚINN AÐ UNDIRBÚA SKÝRSLU, U.P.B. FIMM MÍNÚTNA LANGA, SEM HÓPARNIR EIGA AÐ LEGGJA FYRIR BEKKINN.